

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 213/2017

2019/EES/80/05

frá 15. desember 2017

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1086 frá 19. júní 2017 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 634/2007 að því er varðar lýsingu á eiginleikum selenmeþíóníns sem er framleitt með *Saccharomyces cerevisiae* NCYC R397 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1126 frá 23. júní 2017 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 903/2009 og framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 373/2011, (ESB) nr. 374/2013 og (ESB) nr. 1108/2014 að því er varðar nafn fulltrúa leyfishafans í ESB fyrir blöndu með *Clostridium butyricum* (FERM-BP 2789) ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 4) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 1zzzt (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 634/2007):
„– **32017 R 1086:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1086 frá 19. júní 2017 (Stjtið. ESB L 156, 20.6.2017, bls. 22).“
2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 1zzzzzn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 903/2009):
„– **32017 R 1126:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1126 frá 23. júní 2017 (Stjtið. ESB L 163, 24.6.2017, bls. 13).“
3. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 2zb (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 373/2011):
„– **32017 R 1126:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1126 frá 23. júní 2017 (Stjtið. ESB L 163, 24.6.2017, bls. 13).“
4. Eftirfarandi er bætt við 95. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 374/2013):

„, eins og henni var breytt með:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 156, 20.6. 2017, bls. 22.⁽²⁾ Stjtið. ESB L 163, 24.6. 2017, bls. 13.

- **32017 R 1126:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1126 frá 23. júní 2017 (Stjtið. ESB L 163, 24.6.2017, bls. 13).“

5. Eftirfarandi er bætt við 116. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1108/2014):

„, eins og henni var breytt með:

- **32017 R 1126:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1126 frá 23. júní 2017 (Stjtið. ESB L 163, 24.6.2017, bls. 13).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2017/1086 og (ESB) 2017/1126, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. desember 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. desember 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.